

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi af spildu milli Flatahrauns og Máva- hrauns í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. apríl 1985 staðfest deiliskipulagsupphrátt af spildu milli Flatahrauns og Mávahrauns í Hafnarfirði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 175

21. mars 1985

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöðvar Geðverndarfélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 21. mars 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Endurhæfingarstöðvar Geðverndarfélags Íslands.

Geðverndarfélag Íslands stofnar hér með sjálfseignarstofnun samkvæmt eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Stofnunin heitir Endurhæfingarstöðvar Geðverndarfélags Íslands, Reykjavík.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru húseignin að Álfalandi 15 í Reykjavík, eignir Geðverndarfélagsins að Reykjalundi, allur búnaður sem Geðverndarfélag Íslands leggur stofnuninni til, svo og þær eignir sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar eru rekstur endurhæfingarstöðva fyrir geðsjúklinga af öllu landinu.

Endurhæfingarstöðvar félagsins eru samastaðir fyrir geðsjúklinga meðan á framhaldsmeðferð eða endurhæfingu stendur eftir dvöl á geðdeild. Fyrst og fremst er þeim þó ætlað að veita vistmönnum tækifæri til alhliða endurhæfingar með stuðningi og leiðsögn sérmenntaðra aðila.

4. gr.

Stjórn Geðverndarfélags Íslands skipar 7 manna stjórn stofnunarinnar til 5 ára í senn. Stjórn Geðverndarfélagsins skipar formann, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Hætti stjórnarmeðlimur störfum, skipar stjórn Geðverndarfélagsins mann í hans stað að fengnum tillögum annarra stjórnarmeðlima.